

Fundur haldin í Vallarhúsinu að Varmá föstudaginn 23.ágúst í sambandi við hæfileikabúðirnar.

Mættir voru á staðinn: Gunna Stina sem stýrði fundinum, Sigurgeir frá Aftureldingu, Hulda og Emil frá HK, Erla Rán frá KA, Hnikarr frá Völsung, Borja frá BLI, Með í fjarfundarbúnaði voru Signý frá Vestra og Sara Lind frá Þrótti Nes.

Rósborg mótastjóri BLI ætlaði að mæta en gleymdi sér en hún fær fundargerðina senda.

Fundarefni:

- Mót yngri flokka næsta vetur og æfingaleikur f U17 á YF mótum fyrir áramót. (v. NEVZA)
 - a. Vantar æfingahelgar og tíma fyrir U-liðin okkar sem spila í janúar á Írlandi. Hugmynd að setja upp leik þegar mótin eru fyrir U16 t.d. Þegar fyrsta Íslandsmótið verður í nóvember að setja upp leik á föstudagskvöldinu milli U17 liðsins og mfl HK. Passa við uppröðun á mótinu hvaða lið spila við hverja. Þegar Bikarmótið verður að Varmá að setja upp leik við mfl Aftureldingar. Skoða föstudagskvöldið. Hvetja fólk til að koma og horfa á leikinn.
- Mótin í vetur:
 - a. Íslandsmót að hausti 14.-16. nóv
 - b. Haustmót U12 - Þróttur Rvk. (Laugardalshöll)
 - c. U14, U16 - HK (Kórinn og Fagrilundur)
 - d. Haustmót U20 - HK (Digranes)
 - e. Færa U20 fram í september ATH með síðustu helgina í sept. Haustmót U20 - HK (Digranes)

Mikilvægt að U20 hópurinn fái mót með góðri umgjörð og góðu plássi, þar sem þau geta tekið þátt án þess að vera að spila annað hvort með öðrum aldursflokki eða séu aðþrengd vegna leikja í neðri deildum eða úrvalsdeild. **Stingum upp á því að færa U20 haustmótið á helgina 27 -28.september.** Leikir í úrvalsd kk þarna: Þróttur R -Vestri, 2 leikir og hægt væri að setja mótið upp í samræmi við þá leiki fyrir þau lið ef þau eru með lið í U20. HK mun ath hvort hægt verði að vera í Fagralundi eða Digranesi þessa helgina þar sem þau fengu þetta mót. Þróttur Nes býður einnig fram húsnæði þessa helgi sem yrði verra ef Þróttur R og eða Vestri væru með lið í U20.
 - f. **Bikarmót 28.-30. nóv**

U14, U18 (eða U20B) og U20. Afturelding : Setja upp leik milli U17 og mfl kvk liðs Aftureldingar (Kannski ekki start 6)

g. Bikarmót 23.-25. jan

U16 Þróttur Nes

Íslandsmót að vetri 27.-29. feb

U14, U16 og mögulega vetrarmót U20 ef húsnæði fæst staðfest KA

h. Vormót 27.-29. Mars

U12, U14 Keflavík

i. Vormót 10.-12. apríl

U20 - HK Úrslit 1. deild - Þróttur Rvk.

j. Íslandsmót að vori 8.-10. maí

U16 Völsungur/Efling (Húsavík og Laugar)

k. Íslandsmót að vori 15.-17. maí

U12 og U14 UMFG (Grundarfjörður og Stykkishólmur)

- **Skólamótin og aðkoma félaga þar. Borja**

- a. **Þurfum að græja sérstaka Skólablaksnefnd - einn frá hverjum stað/klúbbi sem halda mótin t.d. Mikilvægt að félögin komir þar inn og nái í iðkendur í gegnum þessi mót. Þarf að vera einfalt í uppsetningu og framkvæmd en nauðsynlegt að félögin tali sig saman um hvenær þau geti haldið mótið svo hægt verði að senda út upplýsingar til skólanna á svæðinu og nýta skolablak.is Emil býðst til að aðstoða Þrótt R við skólamót í Langholtsskóla.**

- **Mótakerfi yngri flokka mótanna**

- a. **Oddur og hans félag sér um mótin í samráði við félögin. Öllum spurningum sem hann fékk var svarað - sjá svörin hér fyrir neðan. Kostnaður 75.000 kr per mót sem félögin sjá sjálf um að greiða til þeirra. Hann mun aðstoða við uppsetningu móta og líklega mæta sjálfur á amk fyrsta mótið. Gott ef mótastjórar næstu móta gætu fengið að fylgjast með til að komast betur inn í mótakerfið. Það vantar inn fulltrúa frá Þrótti R og UMFG sem munu halda mót í vetur.**

- **Gjaldskrá og innheimta yngri flokka mótanna.**

Samkvæmt samþykki stjórnar BLI þá koma félögin til með að sjá um mótin. Innheimta mótagjalda fer áfram í gegnum BLI á abler og BLI greiðir til félaganna eftir að hafa tekið frá kostnað v. verðlauna sem þarf að leggjast jafnt á öll mótin í vetur og reikna út. Félögin sjá sjálf áfram um að rukka vegna gistingar og fæðis og setja upp mótin í samráði við Odd og hans teymi.

BLI er þegar búð að gefa út gjaldskrá fyrir mótin.

- **Önnur mál.**

- a. Stungið upp á því að samræma kostnað við þátttöku á mótum - spurning að félögin sem halda mótin tali sig saman um kostnað og komi sér niður á eina tölu sem gildir fyrir veturinn og sem inniheldur: Gisting morgunmatur og hádegismatur x 2 og kvöldmatur x1.
- b. Umræður um stráka og blak: Það verða líklega engin lið í U16 hópi drengja og fáir í U14 í vetur og það er ekki góð þróun. Stungið upp á því að félögin á höfuðborgarsvæðinu haldi eina æfingu í viku amk sameiginlega þar sem strákarnir fá að æfa saman.
- c. Spurning að breyta leiknum fyrir strákana - setja meiri keppni þar - spila 3 á mótum þremur á hálfum velli t.d.
- d. Hugmynd frá Borja um að leyfa snertingu við loft í móttöku ef boltinn lendir aftur á völlum þess liðs sem setur boltann upp í loft. Halda boltanum í leik en fari boltinn í loft og yfir á hinn vallarhelminginn að þá dæma á það. **Engar athugasemdir frá YFN vegna þessa og nefndin styður þessa hugmynd.**
- e. Borja ræddi um Young Leaders verkefnið. Hefja það að nýju og með nýjum þátttakendum. Hann sendir út bréf varðandi þetta verkefni á félögin og óskar eftir þátttakendum.
- f. Fyrirspurn varðandi landsliðsæfingar að foreldrar landsliðsskrakka á svæðinu bjóði krökkum sem koma utan af landi eða af höfuðborgarsvæðinu og út á land á æfingar að gista til að spara kostnað. Einn á heimili t.d. sem yrði þá í mat og gistingu og fengi far á æfingar.

Mótakerfið 2025 - spurningar og svör frá Oddi

U12: Monrad kerfi spilað og lið og liðsmenn fluttir inn úr Abler

1. Uppsetning móta sé aðgengilegt og einfalt hvað varðar ýmsar sviðsmyndir t.d. hvað er í boði miðað við misjafnan fjölda liða í mótum og uppsetning riðla osfrv. Sýna það t.d. Hvernig það er gert og hversu auðvelt er að breyta falli liðs út úr keppni eftir að búð er að setja upp mótum t.d. : **Hætti lið við eftir að mótum hefst þá fara leikirnir 2-0 (t.d. Ef lið mætir ekki á seinna mótum) Hugmynd um að hafa nokkur "Dummy" lið á fyrsta mótinu til að leyfa nýjum liðum að taka þau sæti bætist við lið og**

pau verði gjaldgeng í keppninni. Breyta reglugerð um að lið verði að taka þátt í báðum mótunum til að geta keppt til verðlauna. Leyfa þeim að koma inn í mót 2.

2 Að hægt verði í nánustu framtíð að setja upp tengjanleg mót t.d. framhaldsmót sem reiknar úrslit t.d. 2ja eða fleiri móta í mótaröð, mót 1 og 2 í Íslandsmóti í sama flokki t.d. Þannig að samanlögð úrslit fái eftir veturinn. Og væri hægt að bæta inn gestalið t.d.á mót 2? **Fyrstu 2 mótin verða eitt mót á 2 helgum. Ekkert mál að breyta áður en keppni hefst en erfitt að setja inn gestalið í miðju móti (fyrstu 2 mótin) . Hægt að búa til sérstakt mót í kringum gestaliðin og flokka lið sem spila á móti þeim. Í þriðja mótinu þá geta gestaliðin raðast með bæði í A og B liðum - fer eftir fjölda liða og hvaða uppsetning er best fyrir mótið. Bannað að nota kommur á milli orða. Hugmynd að leyfa nýjum liðum að koma inn og keppa eins og hin liðin - ekki vera skráð sem gestalið.**

3. Rafræn skráning úrslita á mótunum sjálfum. **Á eftir að gera ritaraaðgang þannig að ritara geti skráð úrslit. Hægt að hafa ritaraborðið live**

4. Hægt sé að skrá leikmenn í liðin og að þeir séu sjáanlegir öllum. Hvaða leið er best? Abler? **UMFÍ : skráð í lið**

Hægt að flytja úr Abler í kerfið þeirra. Er þá nafnlistinn undir hverju liði? Er hægt að flokka þannig að leikmenn fari í rétt lið ef fleiri en eitt lið frá hverju félagi og í sama flokki?

Félögin taka út hvern flokk í Abler, t.d. U14 kvk og setja upp í exelskjal. Þjálfari bætir inn á excel skjalið dálk (t.d. Breytir Kyn í “Heiti liðs”) og setur þar nafnið á liðinu sem viðkomandi mun spila í. Þetta skjal er sent inn á mótisstjóra, sem sagt ein skrá fyrir hvern aldursflokk fyrir sig. Svo er hægt að færa einstakl á milli liða þar til mótið hefst og þá læsist mótið. Ekki hægt að skrá sömu kennitölu í tvö lið á sama móti í sama aldursflokki. Þannig kemur nafn á liði og liðsmenn hvers liðs og hvert lið fær sérstakt netfang til að skrá sig inn þegar liðið á umsjón.

5. Umsjónir leikja - að þær séu sjáanlegar á síðunni - þurfi ekki að vera með það sem aukaskjal eins og áður.

Þar sem liðin sjá um dómgæslu þá opnar það fyrir að hægt er að skrá umsjónir á hver lið. Hvert lið fær tölvupóst sem ,t.d liðsstjóri er með og það er notað til að skrá liðið inn í umsjón og dómgæslu. Það er til í kerfinu. Félögin fá tölvunetfang fyrir hvert lið sem verður nafnið á liðinu. (Í dag heitir það Dómarar ? Verður hægt að prenta út völinn með liðum


og umsjónarliðum. T.d afturelding1@, throtturnes2@, throtturnes gulir@ osfrv.

6. Aðgengilegar upplýsingar fyrir hvert lið fyrir sig með því að smella á liðið og þá hægt að sjá t.d., umsjónarleiki liðsins, leikmannalistann og leiki liðsins. **Er til í kerfinu**

7. Þá er spurning hvort "talning" gæti að vera rafræn inni í kerfinu og úrslitin svo bara staðfest eftir hrinu/leik? **Í Bígerð - þarf að gera ritaraaðgang - líkt og dómara- Bara dómarar geta lokið leik. Hvernig viljum við hafa þetta?**

8. Allar upplýsingar sem forritið getur safnað og hægt að fletta upp er til góða. T.d. hvað er "ég" búinn að spila og t.d. dæma marga yngri flokka leiki o.þ.h. **Gagnavinnsla - það er möguleiki -**

9. Upplýsingarsíða mótsins - er hægt að bjóða upp á forsiðu þar sem helstu upplýsingar koma fram um hvert mót? **Já - hægt að forma hana betur.**



Excel skjalið sem tekið er út fyrir hvern flokk fyrir sig af Abler is og breytir "Kyn" dálknum í "Heiti liðs" og setur nafn liðsins sem iðkandi mun spila í og sendir skjalið á mótastjóra sem klárar að vinna skjalið v. uppsetningarinnar.

Hægt að setja inn öll lið félags í sama skjal, með því að skýra “sheets” t.d. U14 kvk og næsta sheet: U14kk, og U16kvk osfrv. Þannig fær mótastjóri eitt skjal frá hverju félagi með öllum upplýsingum í.

[illegible]